




## Sigríður Ásdís Snævarr: Hvað geta leiðtogar samtímans lært af Jóni Sigurðssyni?

Erindi flutt á vegum Samtaka atvinnulífsins á Akureyri 25. mars 2011 í tilefni af 200 ára afmæli Jóns.



Árið 1911 mátti sjá unga, vaska menn burðast með þungar steypufylltar fötur upp fjall. Ef vel var að gáð, mátti sjá einn þeirra bera torkennilegt mót með skrúfum. Hópur Snæfellinga var saman kominn undir Ólafsvíkurenni og fylgdist með ungu mönnum sem stefndu á tindinn og ætluðu að steypa skjöld eða minningartöflu á efsta dranginn í 415 metra hæð með áletruninni: „J.S. 17.6.1911.” Tilefnið var að hundrað ár voru liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar og styttingarnar á áletruninni voru gerðar til að auðvelda verkið. Enn má sjá áletrunina sem staðist hefur tímans tönn í hundrað ár. Hér er um áður óprentaða heimild að ræða og ljósmynd af minningartöflunni sem hefur hvergi svo vitað sé komið fram í gögnum.<sup>1</sup>

Fæðingarársins er minnst í dag, að viðbættum hundrað árum. Enn kallast hinn klassíski Jón Sigurðsson á við samtímann, en viðbrögð samtímans eru tískusveiflum háð. Seint myndi 200 ára afmælisnefndin og Samtök atvinnulífsins

klifra upp á Hlíðarfjall með skjöld. Við viljum ekki hafa þjóðhetjuna eins langt frá okkur og við komumst. Krafa dagsins er að færa hann niður á jafnsléttu og eiga við hann orðræðu, endurlífga 200 ára gamlan manninn.

En hvað geta leiðtogar samtímans lært af Jóni Sigurðssyni? Getum við sett þúsundir bréfa hans inn á Fésbók sem sumir kalla Snjálldru? Getum við flokkað þau eftir hvatningarstigi og áhrifamætti? Getum við sett rannsóknir hans á „ásigkomulagi Íslands og ásigkomulagi annarra þjóða” inn á Excel skjal? Skiljum við betur sárindi Fjölnismanna, þegar Jón ýtti þeim til hliðar og stofnaði *Ný Félagssrit* með því að rifja upp sögu Magga Kjartans tónlistarmanns af því þegar pönkararnir ruddu eldri tónlistarmönnum til hliðar á sínum tíma? Getur hið gamla og hið nýja lifað saman og hvað er það sem lifir? Er það leiðtoginn Jón Sigurðsson og klassískar aðferðir hans eða helgisögnin, tuggan um hann? Hefur allt breyst, eða tölum við ekki um að deyfð og doði sé nú yfir landsmönnum og kreppa hugarfarsins ráði ríkjum í kerfi sem er allt að sliga, rétt eins og á 19.öld?

Ég vona að mér takist með eftirfarandi lýsingu að sannfæra alla viðstadda um að langt sé seilst til að leggja tímana tvenna að líku. Skoðum til gamans, fyrst kerfið og síðan doðann í því samfélagi sem Jóni Sigurðssyni tókst að vekja til dáða. Lýsing Páls Eggerts Ólasonar á skrifstofueinveldinu er grátbrosleg, sérstaklega hversu ófært kerfið var að fást við breytingar. Allar ákvarðanir voru teknar af embættismönnum í nafni einvaldskonungsins, en sjálfur hafði hann einmitt að kjörorði: „Vi alene vide.” Sérhver embættismaður hafði sitt afmarkaða valdssvið, þeir skorðuðu, flokkuðu og hólfuðu mál, allt eftir fyrirmyndum. Kæmi eitthvað upp á, sem Páll Eggert nefnir „miklar hræringar”, fór allt í pat. Málið var rannsakað, niðurstaðan send til umsagnar þeirra fjölmörgu sem tóku sér umþóttunartíma og síðan fór málið til baka sömu leið. Loksins þegar allt var komið aftur á byrjunarreit, hafði erindið annaðhvort verið svæft á leiðinni eða niðurstaðan skipti ekki lengur máli. Fólkið í landinu hafði ekkert um sitt nærsamfélag að segja, Alþingi hafði verið aflagt, hreppsnefndir, sýslunefndir og frjáls félagasamtök komu ekki fyrir en seinna.<sup>ii</sup>

Thor Vilhjálmsson rithöfundur bregður upp dramatískri mynd af hinu staðnaða bændasamfélagi þessa og fyrri tíma í bókinni *Grámosinn glóir*, þar sem hann lýsir Íslendingum sem lifðu líkt og „refir í grenjum og lundar í kofum.”

Og maðurinn hverfur inní hreysi sitt. Þjóð þín, þitt fólk. Öld af öld. Þín moldgrafna ætt sem bælir sig þar undir fannþyngslum vetrar, og leitar veðraskjólis í moldbyrgi.

En svo kemur smá vonarneisti hjá Thor: ...,„Meðan draugarnir leika lausir, og vorið býr óvíst fjarri, svo fjarri.“<sup>iii</sup>

Hvernig var hægt að virkja þetta óvissa vor, svo fjarri? Það er ekki að furða að Grímur Thomsen stríddi Jóni Sigurðssyni á að hafa vakið upp draug og „...fyrir honum kunni að fara eins og galdramanninum sem eigi gat kveðið þann drauginn niður sem hann hafði vakið upp.“<sup>iv</sup>

Grímur kom þarna að kjarna málsins, það var göldrum líkast það fremsta afrek Jóns leiðtoga að hafa vakið Íslendinga til virkni, fólk sem lifði við þær aðstæður sem áður er lýst. Leiðtogar samtímans þurfa einmitt að spyrja sig hver sé mesti lærdómur sem draga má af Jóni Sigurðssyni sem leiðtoga og það er að minnum dómi þjóðarvakningin. Honum tókst það, vegna þess að almenningur á Íslandi vissi að hann gjörþekkti myndirnar sem brugðið var upp hér að framan og gat ekki annað en hrifist með þegar hann varpaði fram mynd af því Íslandi framtíðarinnar sem hann sá svo skýrt fyrir sér og vildi leiða Íslendinga inn í.

Draumsýn Jóns var þjóðríkið Ísland, þar sem skúturnar sigldu allt í kringum landið, samgöngur voru tryggðar allt árið og nýjustu bækur áttu greiða leið til landsmanna. Alþingi sá hann rísa með glæsibrag og fremstu menn úr öllum stéttum settu lög fyrir Íslendinga. Lýðræðið og gæði landsins mundu gagnast öllum landsmönnum, bændur sköpuðu miðstétt, kjósendur væru virkir og öflugir, verslunin væri frjáls og fjárfestar kæmu og sæju tækifærin. Hann sá fyrir sér borgarastétt rísa í þéttbýli, nýjar stéttir iðnaðarmanna verða til, iðnbyltinguna ná fótfestu. Menning og menntun færðust inn í landið.

Hvernig skilgreinum við leiðtoga? Orðið er gegnsætt á íslensku og samsett úr orðunum toga og leið, en hvern á að toga, hvert og hvernig? Jón Sigurðsson var fyrst og fremst leiðtogi þjóðarinnar í sjálfstæðisbaráttunni gagnvart Dönnum. Draumsýnin að ofan sýnir hvert hann togaði, augljóst er að það voru íslenskir kjósendur og danskir ráðamenn sem hann togaði áfram og aðferðirnar skulum við skoða nú, hvernig leiðtoginn togaði.

Hvernig togaði leiðtogi sem hafði ekki opinbert umboð? Hann hafði aðeins sannfæringarkraftinn og miðluna í hendi sér. Sannleikurinn var sá, að auk þess að vera ekki í stöðu til þess, vildi Jón ekki láta hlýða sér í blindni, heldur vekja menn til dáða, sannfæra menn, þannig að hugsjónin í brjósti þeirra sjálfra yrði aflvakinn. Þessi aðferð á enn vel við. Auðvitað breytast málefnið sem barist er fyrir, en

aðferðin er klassísk, að móta skýra og djarfa sýn og miðla henni myndrænt. Hann miðlaði sýninni í greinum sínum í *Ný Félagsrit*, í ótal samtölum, bréfum, vikulegum heimboðum, á Alþingi og utan þess í ræðu og riti.

Sjálfur var hann fyrirmyndin, fyrirheitið um nýja tíma, nálægur og miðlægur í hugum Íslendinga sem hugðu að samfélagsmálum, þrátt fyrir búsetu í nær hálfa öld í Kaupmannahöfn á tímum vor- og haustskipa. Hugsum áfram í myndum og rifjum upp ljósmyndina af hinum glæsilega Jóni Sigurðssyni klæddum að heimsmannasið sem allir þekkja og hann sendi stuðningsmönnum sínum. Sú ljósmynd var eina ljósmyndin á mörgum heimilum, svo óralangt frá raunveruleika heimilisfólksins og hlýtur að hafa verið því táknið um hið fjarlæga vor.

Hvernig mótaðist þessi sýn og hvernig varð Jón þessi maður svo langt á undan sinni samtíð, án þess þó að hlaupa svo langt á undan löndum sínum að þeir næðu ekki að fylgja honum? Við skoðum mótun leiðtogans á bernskuheimilinu og ákvarðanir um líf sitt, en fyrst skulum við líta á eitt málefni, verslunarmálið, til að kynnast starfsaðferðunum við stefnumótun.

Jón byrjaði á því að spyrja hverju það sætti að takmarkað vöruúrval, hátt vöruverð, rýr gæði og léleg þjónusta einkenndi verslun danskra kaupmanna á Íslandi, hinna sömu og snerust kringum viðskiptavinina í Kaupmannahöfn og buðu aðeins það besta. Af hverju ríkti verslunarfrelsi í Danmörku, en Íslendingum var gert að versla aðeins við danska kaupmenn? Voru danskir kaupmenn gerendur í þessu máli? Var ekki hægt að gjörbreyta öllu heima, ef vandað var til málatilbúnaðar og barist fyrir málinu? Af hverju áttu Íslendingar í Kaupmannahöfn að sitja einir að nútímanum og hverfa síðan aftur heim í doðann og drungann? Leiðin til verslunarfrelsis varð löng og er víða skráð í bókum, en er hér aðeins notuð sem gott vegarnesti allra leiðtoga um starfsaðferðirnar.

En víkjum að bernskumótun. Heimanmundur leiðtogans frá bernskuheimilinu að Hrafnseyri í Arnarfirði var mikill happafengur. Án þeirrar heppni hefði hann hvorki orðið leiðtogi í stjórnámálum né fræðimaður. Heppnin fellur ekki alveg að kenningarsmíð um mótun leiðtoga, en enginn velkist í vafa um að Napóleon Bonaparte var leiðtogi. Sagan segir að þegar Napóleon var beðinn um að velja hershöfðingja úr hópi afburðahermanna, hafi hann aðeins spurt: „En er hann heppinn?”

Það var tvöföld heppni á byrjunarreit sem gaf Jóni aðgangsorðið að tölvuleiknum sem varð líf hans. Aðgangsorðið að fræðaheiminum var „undurfögur rithönd” og aðgangsorðið að stjórnálaheiminum var „eignarhald á landi”. Raunar voru það tveir gamlir prestar sem bjuggu hjá fjölskyldunni sem gáfu honum sitt hvora gjöfina. Góð rithönd var í ættum Jóns, en æfinguna fékk hann hjá séra

Markúsi Eyjólfsyni sem bjó á bænum frá 1817. Hann var listaskrifari og þjálfaði strákinn sem brátt varð eftirsóttur skrifari í sveitinni á unga aldri. Fyrir bragðið var Jón ævinlega valinn umfram aðra í ritarastörf sem síðan opnuðu honum fræðaheiminn. Þegar við bættist að föðurafinn, séra Jón Sigurðsson, arfleiddi hann að jarðskikanum sem varð forsenda kjörgengis og kosningaréttar að þágildandi lögum, má með sanni segja að Jón hafi ekki horfið allslaus frá Arnarfirði.

Við getum velt fyrir okkur heppninni og tengslum hennar við tímann, því að rithönd og landskiki, opna nú engar framtíðargáttir. En það verður að teljast heppni að vera þeim kostum búinn sem máli skiptir á þeim tíma sem menn lifa. Heppni að menntast í fornfræðum og komast síðan að því í Kaupmannahöfn, að fornfræðin voru einmitt aflvaki í brjóstum þeirra sem vildu vekja með íslensku þjóðinni sjálfstraust.

Aðgangsorðin ein koma mönnum inn í leikinn, en eftirleikurinn er þeirra sjálfra og skoðum nú Jón og eftirleikinn í leit að ráðum handa leiðtogum nútímans. Ég spurði í byrjun, hvort ryðja þyrfti öllu því gamla úr vegi til að móta nýtt. Svarið um Jón er að hann var flestum fremri í að spila eftir gamla skrifstofukerfinu, í að skorða, flokka og hólfa. Hann þurfti ekki að umbylta öllu til að vera sjálfur gjaldgengur, en hann notaði þá hæfileika ekki í þágu stöðnunar eins og konunghollir embættismenn, heldur til að leggja grunninn að nútímastjórnsýslu með grunnrannsóknum í sögu Íslands. Jafnvel mestu andstæðingar hans í frelsisbaráttunni mátu hann sem sérfræðing í fræðunum, afrek hans á því sviði voru sýnileg og verkin lofuðu meistarann: Flokkun og skýring handrita í Árnasafni, handbragðið við Fornbréfasafnið, vandvirknin við útgáfustörfin, öguð vinnubrögð hvert sem litið var.

Danir mátu störf hans mikils og hann var eftirsóttur til fræðistarfa hjá þeim. Þeir áttuðu sig vel á því hve vel hann þekkti samfélag þeirra og hugsunarhátt og féll eðlilega inn í danska siði. Hann náði eyrum þeirra umfram aðra menn sem ekki töldust þeim hollir og hann komst upp með meira en aðrir fyrir bragðið.

Íslendingar, venjulegt fólk, treysti mannum sjálfum, óháð skoðunum hans. Hann þekkti sveitasamfélagið og vistarbandið og kirkjuna, danska kaupmenn og konungsholla embættismenn í höfuðstaðnum, allt af eigin raun. Saga er til af sjósókn unglingsins á Hrafseyri, þar sem hann sætti sig ekki við hálfan hlut fyrir ófermdan strákinn, gaf sig ekki fyrr en hann fékk hlut sinn allan. Efni í harðan samningamann, myndu leiðtogafraeðingar segja og við það má bæta að sterk staða hans í hugum beggja sammingsaðilanna, Dana og Íslendinga, var ákjósanlegur efniviður.

Hvað er það sem knýr leiðtogann áfram út úr örygginu og inn í óvissa framtíð í nýju landi og síðar inn í hugmyndaheim hins óþekkta, ósýnilega og jafnvel óframkvæmanlega? Hvað er það sem slítur hann út úr heimsmynd föðursins, út úr stillimynd bændasamfélagsins og hrokafullum heimi yfirstéttarinnar í Reykjavík? Allir vildu halda I hann, faðirinn vildi að hann kæmi heim eftir stúdentsprófið og predikunarleyfið og tæki síðan við prestskap af sér og annaðist loks foreldrana í ellinni. Ekki freistaði það hans, en togstreita einkenndi auk þess samskipti þeirra eins og þekkt er um leiðtoga við annað foreldrið. Þeir feðgar vildu sitt hvað: Séra Sigurður var holdgervingur veraldar sem var og sonurinn höfuðsmiður framtíðarlandsins. Ekki var togstreitunni fyrir að fara milli þeirra Jóns og Steingríms biskups, en þrátt fyrir gylliboð um hæglætislíf í höfuðstaðnum og kærustuna, Ingibjörgu Einarsdóttur, héldu honum engin bönd.

Við vitum svo lítið um hinn unga Jón Sigurðsson, því að heimildir skortir. Við getum sjálf ekki gert okkur í hugarlund hvílík lífsreynsla það er ungum manni að ferðast eins og í tímavél milli alda, þegar þeir komu að heiman og til Kaupmannahafnar með sína 120 þúsund íbúa. Þar var allt á fljúgandi ferð, stefnur og straumar nútímans leika um borgina, ákall um breytingar heyrast í hverju horni og tímarnir voru síðar nefndir Gullöld Dana. En heima sat allt við það sama, hvort sem er í bæjum eða sveitum.

Það hlýtur að hafa verið töfrum líkast fyrir ungan mann að vakna til nýs lífs sem Hafnarstúdent og hlýða á fremstu menn kynna nýjustu stefnur og strauma, sjá nýjustu bækurnar, hýbýli manna og lífsmáta. Þó að hann gæti ekki lifað eins og Dani, komst hann inn í hugmyndaheiminn með nýjan bókakost að vopni. Allir eru sammála um að lestur skiptir miklu máli í mótun leiðtoga sem lítur á mátt þekkingarinnar sem afl til breytinga. Ungi maðurinn var alltaf bókhneigður, en nú hefst lesturinn eins og þar stendur. Við tölum um bókaorma og lestrarhesta, samlíkingin við dýrategundir er athyglisverð, en hér er ekki slegið slöku við. Jón sinnir hvorki drykkju né félagsstörfum að hætti Hafnarstúdenta, liggur yfir námsbókunum í byrjun og heldur síðan á vit nýjustu bókanna. Allt er lesið, bókmenntir, hagfræði, sagnfræði, heimspeki. Hann sækist eftir aukastörfum til að fjármagna bókakostinn sem að lokum telur 4600 bækur. Einkunnirnar í byrjun eru glæsilegar, en smám saman rífur hann sig lausan úr námsefni háskólans í sögu og málfræði og lýkur aldrei háskólaprófi.

Stöldrúm aðeins við lesturinn á þeysireið okkar yfir lífshlaup Jóns og leit að því sem mótaði leiðtogann. Veturinn 1838-1839 las Jón ævisögu J. W. Marckmann um Benjamín Franklin, en sú bók hafði farið sigurför um allan heim. Jón lét ekki þar við sitja að lesa bókina, heldur þýddi hana á íslensku og beitti sér fyrir því í

Hinu íslenska bókmenntafélagi, að hún kæmi út. Að baki þessa mikla áhuga lá lestur bóka um frönsku stjórnarbyltinguna og Frelsisstríð Bandaríkjanna, skrif fyrir *Skírni* um hræringar í frelsisátt í Evrópu, en þessi bók var sérstök. Hann hlýtur að hafa fundið til mikillar samsvörunar með sér og Benjamin Franklin, manni sem var vísindamaður og stjórnmalamaður í senn. Guðjón Friðriksson kemst skemmtilega að orði þegar hann spyr hvort í bókinni sé „uppskriftin af því sem Jón vill verða.”<sup>v</sup> Má raunar rita langt mál um alla þá samsvörun sem er að finna milli Jóns og leiðtoga sem var uppi rétt hundrað árum á undan honum og vísa ég til leitarvéla þar sem fletta má upp lífshlaupi þeirra beggja þessu til staðfestingar. Víst er um það að efasemdir Jóns sjálfs um að knýja mætti fram breytingar á Íslandi fyrir tilstilli framámanna, fá þarna byr undir báða vængi, en Franklin beindi brýningum sínar um breytingar beint til hins venjulega Bandaríkjamanns, og lét ráðandi öfl lönd og leið.

Hér er eitthvað í gerjun, lífið að taka nýja stefnu, þörf komin til að varpa eigin reynslu til annarra, miðla bókinni góðu heim, til að kveikja frelsisþrá I brjóstum landans. Jón virðist hér vera farinn að líta á lestur og menntun sem aflvaka breytinga, en ekki aðferð til að koma sér fyrir á þægilegum stað í annars ómögulegu kerfi að hætti flestra Hafnarstúdentna. Gat máttur þekkingarinnar fært fjöll úr stað og brúað bilið milli hinna tveggja gjörólíku heima í löndunum tveimur sem lutu sama konungi? Hér er að verða til það sem ég hef nefnt sóknarorku Jóns, leit að háleitu markmiði, framtíðarsýn.

Hugsanlega er hann kominn að krossgötum í lífi sínu, farinn að slíta af sér enn ein böndin og vill stefna hærra en í heim fræðanna. Jón Helgason prófessor í Kaupmannahöfn orðaði sömu efasemdir svo vel í þessu broti úr kvæðinu „Í Árnasafni”:

Spyrji þá einhver hvar athafna minna sér staði  
Er það í fáeinum línunum á gulnuðu blaði?<sup>vi</sup>

Á sjúkrasæng árið 1840 fæddist stjórnmalamaðurinn Jón Sigurðsson eins og Guðjón Friðriksson orðar það svo skemmtilega og ég bæti við að fæðingin hafi ekki orðið til þess að fræðimaðurinn hafi dáið, hvorugt varð hliðarlína, lífsbrautirnar samhliða. Nefna má mörg dæmi um orðsnilld Jóns og smekk í vali á vígordum sem auðvitað má rekja til fræðanna eins og þegar hann vitnar í „Bjarkarmál” í *Hugvekju til Íslendinga* sem þeim berst um leið og fréttin um lok einveldisins með vorskipum 1848. Sú tilvitnun var örugglega ekki á hvers manns vörum, en hún hefst með orðunum: „Dagur er upp risinn.” Hann stígur fram sem

foringi sem skar sig frá upplýsingamönnum og leiðtogum fyrri tíma, sleit sig lausan frá einveldinu vopnaður nýjum stjórnarfarshugmyndum.<sup>vii</sup>

Árin verða næstum fjörutíu í sjálfstæðisbaráttunni og enginn vegur að bregða upp skyndimynd af þeim í stuttu erindi. En við höldum áfram í leit að lærdómum fyrir leiðtoga. Aðgangsorðið er eitt, vakning er annað en það er lausnarorðið sem opnar honum framtíðarsýnina. Lausnarorðið kom þegar ráðgjafafélag var kallað saman á Íslandi og hann sá fyrir sér þjóðríkið í fyllingu tímans. Köllunin var að leiða Íslendinga og semja við Dani um að sá draumur yrði að veruleika. Frá þessu augnabliki eru allar hans ákvarðanir um líf sitt vígðar þessu marki. Í stað þess að lifa í hólum einveldisins, hver í sínu horni til að tryggja sína stöðu, skyldi nú Sundurlyndisfjandinn skoraður á hólm. Þjóðin skyldi vakin af værum blundi og kölluð til fylgis við breytingar, því að þjóðin hafði valdið í fyllingu tímans.

Á þeirri vegferð sem framundan var, þurfti Jón sjálfur að smíða vopnin og beita þeim. Ég vil hnykkja sérstaklega á þessu með að smíða vopnin og beita þeim, hann stóð ekki aðeins í stafni, vopnaður stílvopni og skipaði öðrum aðeins fyrir um framkvæmd mála. Það sem gerði hann svo einstakan var að hann lét verkin tala, var virkur í stóru og smáu. Þegar við lítum yfir fjögurra áratuga baráttu hans, sjáum við svo alltof fáar sigurstundir. Hann gat ekki lofað vegaf framkvæmdum og bættum skipastóli eða neinu af því sem kjósendur eiga að venjast. Hann varð ekki leiðtogi út á embætti sem hann gat vaxið með eða tilbúið hlutverk sem beið hans. Sigurtáknin voru fá á leið hans, oft sótti að honum efi á langri leið, iðulega stóð hann frammi fyrir vali milli þess að leggja vopnin niður eða skerpa þau.

Leiðtogar þurfa að hafa köllun og gefa sig alla í leikinn. Það er ekki hverjum efnismanni gefið að taka stöðu leiðtogans. Því miður fyrir heiminn og framþróun hans erum við miklu fleiri sem förum að fordæmi séra Sigurðar og beinum orkunni allri á sama stað til að rækta vel okkar litla garð. Við erum vel upplýst, en hlutlaus, full stöðuorku og myndum frekar verja tímanum eins og séra Sigurður til að endurrita Snorra-Eddu eftir forskrift, en að ganga skrefinu lengra eins og Jón sem varðveitti ekki aðeins menningararfinn, heldur spann úr þeli hans rök sín í frelsisbaráttunni.

Ég sagði í upphafi að Jón Sigurðsson hafi verið klassískur leiðtogi og það á vel við að vitna í Ásdísi Höllu Bragadóttur, en við bók hennar *Í hlutverki leiðtogans* hef ég stuðst í erindi þessu. Orð hennar um persónuleika leiðtogans eru um margt samantekt á því sem að ofan er sagt:

Leiðtogar hafa persónuleika sem einkennist m.a. af seiglu, kjarki, sjálfstrausti og skapfestu. Auk þess eru þeir óhræddir við áhættu og halda ró sinni þótt við blasi óreiða og óvissa.<sup>viii</sup>

Fjölmargar lýsingar eru til á persónuleika þjóðhetjunnar, nýstárlegum ræðumenskustíl og einstöku áhrifavaldi. Mér finnst mest um vert auðmýkt hans og hispursleysi, en hvort tveggja varð til þess að honum tókst að eiga gagnleg samskipti við alla í litrófi hinna stéttskiptu samfélaga Íslands og Danmerkur. Með greiðum samskiptum við alla tókst honum að vinna málstað Íslands víðar lið, en hollusta þýskra, norskra og breskra manna við hann og málstað hans, gerðu hann auðvitað að öfluggu virki. Höfðingjadjarfur og alþýðlegur í senn, glöggur á fleira en gamalt bókfell.

Hvað geta leiðtogar samtímans lært af Jóni Sigurðssyni og ég leyfi mér að skilgreina okkur öll sem leiðtoga, því að við verðum öll að koma okkur út úr kreppu hugarfarsins og sýna samheldni. Hvað getum við hvert og eitt lært af fordæmi þjóðhetjunnar á 200 ára afmælinu?

Í upphafi vísaði ég til upplýsingatækni samtímans og hve auðvelt væri að fella vinnubrögð Jóns inn í tölvuöld. Leiðtogar nútímans geta lært af honum að vinna ekki aðeins sömu grunnvinnu, heldur gera eins og hann að taka málið lengra og smíða úr þekkingargrunninum heildarsýn yfir verkefnið og um leið stefnumörkun til framtíðar. Af heppninni og aðgangsorðunum getum við lært að leita inn á við að okkar eigin aðgangsorði, jafnvel einhverjum hæfileika eða eign, sem engu skipti á árum áður, en geta nú opnað nýjar dyr. Forskrift hans að lausnarorðinu á fyllilega rétt á sér nú, leiðtoginn þarf að finna það baráttumál sem kveikir eld í brjósti hans og verður öllu yfirsterkara. Hið innra framtíðarland þarf að miðla til annarra með myndrænum hætti, þannig að funi kveikist af funa og stuðningsmenn verði ekki aðeins jábræður, heldur leiðtogar af eigin rammleik. Enginn leiðir hóp nema virkja hann til dáða. Lestur og upplýsingaöflun er síst þarfari nú en þá, hugmyndauðgin nærast á þekkingunni. Leiðtogar mega gjarnan líta til Jóns um að láta hjartað ráða för og láta ekki undan þrýstingi þeirra sem vilja vel, en veita ráð sem lúta að óbreyttu ástandi. Síðast, en ekki síst þarf leiðtoginn að rækta fjölskyldu- og vinagarð, stuðningsmennina og alla í kringum sig. Þeir þurfa að vera höfðingjadjarfir og að alþýðuskapi í senn, leysa hvers manns vanda, boðnir og búnir, hvernig sem á stendur í öfluggu tengslaneti.

Hvernig gat prestssonur vestan úr Arnarfirði risið af sjálfum sér, smíðað sér vopnin og notið konungshylli landa sinna í lifanda lífi og orðið sameiningartákn og landsfaðir löngu eftir sinn dag? Þegar spurt var í skoðanakönnun árið 1999 hver

væri Íslendingur þúsaldarinnar, svaraði nær helmingur þjóðarinnar: Jón forseti.<sup>ix</sup> Það sprakk engin tískubóla við fráfall hans, klassísk gildi lágu til grundvallar dagsverkinu og þau þola veður og vind.

Minnismerkin um þjóðhetjuna eru mörg og skjöldurinn á Ólafsvíkurenni er eins og hin kennileitin, tilraun til að láta merki stjórn málaforingjans gnæfa hátt yfir gráum hversdagsleikanum. Annað og huglægara minnismerki var honum reist á sama degi, þegar Háskóli Íslands var stofnaður og Jón Sigurðsson fræðimaður gerður að verndardýrtingi komandi kynslóða háskólamanna.

Hvernig gat einn maður náð þessari stöðu lífs og liðinn? Skýringarnar hér á undan eru aðeins dropi í hafið, en ég lýk þessu erindi á orðum Benediktis Sveinssonar alþingismanns sem seint yrði talinn til stuðningsmanna Jóns: „Það vildi ég að slíkur maður lifði eilíflega.“<sup>x</sup>

## Heimildir

Ásdís Halla Bragadóttir. *Í hlutverki leiðtogans. Líf fimm forystumanna í nýju ljósi*. Reykjavík: Vaka-Helgafell, 2000.

Guðjón Friðriksson. *Jón Sigurðsson I-II*. Reykjavík: Mál og menning, 2002-2003.

Jón Helgason. *Úr landsuðri og fleiri kvæði*. Reykjavík: Mál og Menning, 1999.

Páll Eggert Ólason. *Jón Sigurðsson, foringinn mikli*. Reykjavík: Ísafold, 1947.

Sverrir Jakobsson. *Af blöðum Jóns forseta*. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1994.

Thor Vilhjálmsson. *Grámosinn glóir*. Reykjavík: Svart á hvítu, 1986.

## Ljósmyndir

1. Minningarskjöldur á tindi Ólafsvíkurennis, ljósmyndari Þórður Þórðarson.
2. Ljósmynd af Ólafsvíkurenni, ljósmyndari Elinbergur Sveinsson.  
Ljósmyndir í eigu Elínbergs Sveinssonar og teknar á síðari hluta síðustu aldar sbr. neðanmálsgrein 1.

## Aðrar heimildir

Ásgeir Jóhannesson, frv. forstjóri. Viðtal, tekið af höfundi í Kópavogi, 22. mars 2011.

Ásgeir Jóhannesson, frv. forstjóri. Tölvupóstur til höfundar 28. mars 2011.

Páll Björnsson: "Fjallkarl Íslands: Jón Sigurðsson forseti". Erindi haldið í hádegisfyrirlestraröð Sagnfræðingafélags Íslands, "Hvað er kynjasaga?", í Þjóðminjasafni Íslands 8. mars 2011.

---

<sup>i</sup> Ásgeir Jóhannesson, frv. forstjóri. Viðtal, tekið af höfundi í Kópavogi, 22. mars 2011.

Ásgeir Jóhannesson, frv. forstjóri. Tölvupóstur til höfundar 28. mars 2011.

Tölvupóstur frá Ásgeiri Jóhannessyni til höfundar: **From:** Ásgeir Jóhannesson [mailto:agj@islandia.is]

**Sent:** 28. mars 2011 22:30

**To:** 'sigridur@int.is'

**Subject:** FW: myndir

Sæl og blessuð Sigríður... Til fyllri upplýsingar eru hér þrjár myndir af staðnum þar sem minningartaflan um Jón Sigurðsson frá 1911 er staðsett í 415 m.hæð y.s.

Þær eru fengnar úr safni Elinbergs Sveinssonar mágs míns og eru teknar á síðarihluta aldarinnar en Stefán Kristjánsson sem gekk með plötuna og steypuna upp á Ólafsvíkurenni var tengdafaðir hans - jafnframt faðir Alexanders Stefánssonar sem eitt sinn gengdi ráðherraembætti.

Stefán sagði mér sjálfur svo frá tilurð þessa minnismerkis:

Snæfellingar undir Jökli sammæltust um það að halda hátíðarsamkomu vestanundir Ólafsvíkurenni á svokallaðri "Breið" hinn 17. júní 1911. Skyldi þar minnst veglega að 100 ár væru liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar forseta. Tveir ungir menn í Ólafsvík Stefán Kristjánsson (f.1884) og Alexander Valentínusson (f.1872) fóru að frumkvæði góðtemplara í Ólafsvík, sem höfðu látið gera koparplötu í tilefni dagsins þar sem á stóð: J.S. 17/6 1911, upp á Ólafsvíkurenni með hrærða steypu í fötu að morgni

---

hátíðardagsins, og er annað fólk frá Ólafsvík gekk í fjörunni undir Enninu út á "Breið" gengu þeir leiðina upp á Ennið í 415 metra hæð og komu plötunni fyrir í steypunni fremst á fjallinu. Síðan gengu þeir niður Ennið vestanvert og sameinuðust samkomugestum undir Enninu þar sem sungið var , ræður fluttar og dansað.

Lengri var frásögnin ekki.

Ef þú birtir erindi þitt einhversstaðar þá gera þessar myndir frásögn þína væntanlega fyllri, og þessi frásögn af þessum atburði er líklega hvergi til á prenti. - Það er hins vegar ljóst að margir Ólafsvíkingar eru stoltir af því í dag, að hæsta minnismerki sem reist hefur verið í minningu Jóns Sigurðssonar er á Ólafsvíkurenni, og jafnframt eitt af elstu minnisvörðum um þennan leiðtoga íslensku þjóðarinnar.

Vona að þú hafir eitthvert gagn af þessu...Ásgeir Jóhannesson.

<sup>ii</sup> Páll Eggert Ólason, *Jón Sigurðsson foringinn mikli*. (Reykjavík: Ísafold, 1947), 9-11.

<sup>iii</sup> Thor Vilhjálmsson, *Grámosinn glóir*. (Reykjavík: Svart á hvítu, 1986), 14.

<sup>iv</sup> Guðjón Friðriksson, *Jón Sigurðsson ævisaga, síðara bindi*. (Reykjavík: Mál og menning, 2003), 485.

<sup>v</sup> Guðjón Friðriksson, *Jón Sigurðsson ævisaga, síðara bindi*. (Reykjavík: Mál og menning, 2003), 175.

<sup>vi</sup> Jón Helgason, *Úr landsuðri og fleiri kvæði*. (Reykjavík: Mál og Menning, 1999), 61.

<sup>vii</sup> Sverrir Jakobsson, *Af blöðum Jóns forseta*. (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1994), 45.

<sup>viii</sup> Ásdís Halla Bragadóttir, *Í hlutverki leiðtogans*. (Reykjavík: Vaka-Helgafell, 2000), 197.

<sup>ix</sup> Páll Björnsson: "Fjallkarl Íslands: Jón Sigurðsson forseti". Erindi haldið í hádegisfyrirlestraröð Sagnfræðingafélags Íslands, "Hvað er kynjasaga?", í Þjóðminjasafni Íslands 8. mars 2011.

<sup>x</sup> Guðjón Friðriksson, *Jón Sigurðsson ævisaga, síðara bindi*. (Reykjavík: Mál og Menning, 2003), 408.